Őreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

39. tölublað Þriðjudaginn 8. nóvember 6. árgangur. Verð kr. 60.

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Rányrkja íslenska auðvaldsins



Á síðasta áratug var síldarstofninum nær eytt, og réði þar mestu um hömlulaus gróðafíkn síldarkónga.

Íslenska þjóðin stóð saman sem heild í baráttunni fyrir útfærslu landhelginnar í 200 mílur, en þó á tveimur ólíkum forsendum. Íslensk alþýða barðist í landhelgismálinu til tryggingar þjóðlegum sjálfs-ákvörðunarrétti og hún sættir sig ekki við undanþágur til erlendra ríkja til veiða í fiskveiðilögsögunni. Íslenska borgarastéttin barðist í landhelgismálinu aðallega að kröfu einokunarauðvaldsins sem vildi sitja eitt um hituna af íslensku fiskimiðunum. Þar réð gróðasjónarmið ferðinni og ætlun auðvaldsins er svo sannarlega að halda uppi rányrkju á miðunum.

Landhelgisbaráttunni er alls ekki lokið, hún er aðeins rétt hafin. Því enn hefur ekki tekist að koma í veg fyrir rányrkju og auk þess hefur aðeins náðst fram 200 mílna fiskveiðilögsaga en ekki full yfirráð yfir 200 mílna siglingalögsögu. Við þurfum full efnaleg yfirráð yfir 200 mílna landhelginni.

Á að útrýma þorskinum?

Matthías Bjarnason sjávarútvegsráðherra ætlar sér að hafa að engu vísindalegar kannanir fiskifræðinga Hafrannsóknarstofnunarinnar. Kenning Matthíasar er í stuttu máli sú að mikill afli tákni að ástand fiskistofnsins sé gott. Hafrannsóknarstofnunin lagði til að á þessu ári yrðu veiddar 275 þús. lestir af þorski en í lok október var aflinn kominn yfir 300 þús. lestir. Ef fer sem horfir verður aflinn orðinn 330 þús. lestir um áramót. Tillaga Hafrannsóknarstofnunarinnar felur í sér þau markmið að stækka þorskstofninn, sérlega hrygningarstofninn og ná þannig 450 þús. lestum sem varanlegum hámarksafla. Árið 1953 var þorskaflinn 550 þús. lestir og á árunum 1930-1932 fór hann einnig yfir 500 þús. lestir. Á þeim tímum voru notaðir síðutogarakláfar en í dag gætum við ekki þrátt fyrir alla okkar tækni og nýtísku skuttogara, náð slíkum afla. Málið er það að aflinn stjórnast af sókninni og með skynsamlegri og skipulegri nýtingu fiskstofnanna þarf ekki að óttast hrun þeirra eins og varð um síldina 1968-1969.

Rányrkjan.

Árið 1976 veiddu Íslendingar 270 þús. tonn af þorski, þannig að án nokkurra fórna hefði verið hægt að fara að ráðleggingum Hafrannsóknarstofnunarinnar. En gróðasjónarmið krefst eins mikils og skjótfengins gróða og mögulegt er hverju sinni.

Íslenskt auðvald er þar engu betra en erlent auðvald. Þetta afhjúpaðist berlega í orðum sjávarútvegsráðherra í útvarpinu þar sem hann benti á að Englendingar hefðu í fyrra veitt 50 þús. tonn en ekkert í ár. Og þar sem afli landans hefði aðeins aukist um einmitt þessi 50 þús. væri ekki um neina rányrkju að ræða. (Óbein tilv.). Fyrir Matthíasi liggur ekki það sjónarmið að vernda fiskinn í ísl. fiskveiðilögsögunni fyrir rányrkju, heldur er stefna hans að leitast við af fremsta megni að gefa auðvaldinu eins frjálsar hendur til ofveiði og honum er unnt. Og samkvæmt vísindalegum rannsóknum mun stefna hans leiða til þess að þorskurinn lognast út af, ef ekki verður gripið í taumana og Matthías með sitt fylgdarlið verði látinn víkja. Á þessu ári eru nefnilega þegar komnir til landsins eða eru í smíðum - 18 skuttogarar.

Handprjónasamband Íslands

S.l. laugardag var haldinn í Glæsibæ í Reykjavík stofnfundur Handprjónasambands Íslands. Fundurinn hófst 15 mín á eftir áætlun, ekki vegna þess að of fáir væru mættir til að hægt væri að setja fund, heldur vegna hins, að svo margir mættu, að hlaupa þurfti um allt hús til að fá fleiri stóla og dugði þó ekki til því margir stóðu. Gestir fundarins voru þau Björn Jónsson forseti ASÍ, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir formaður Sóknar og Sigurður Magnússon formaður framleiðslusamvinnufélags iðnaðarmanna. Lagði Sigurður eindregið til að stefnt yrði að stofnun samvinnufélags. Borguðu félagar þá ákveðið stofngjald sem endurgreitt yrði við úrsögn úr félaginu. Félagið keypti síðan vörur af félögum sínum og seldi sjálft beint út. Hagnaður félagsins yrði svo greiddur út sem arður í hlutfalli við innlegg.

Fyrst um sinn hefur þó verið stofnað hagsmunafélag, sem mun reyna að ná samningum við kaupendur um hækkað vöruverð. Ef hagstæðir samningar nást ekki hyggst félagið hefja sjálft útflutning og er undirbúningur þess þegar hafinn.


Einn klúbbur handprjónara hefur þegar verið stofnaður, en hann er á Akranesi með yfir 40 félögum. Brátt verður einnig stofnaður klúbbur í Borgarnesi og verða þar að öllum líkindum yfir 50 félagar. Ætlunin er, að þessir klúbbar út um land safni saman prjónavörum félaga sinna og sendi þær til félagsins í Reykjavík sem síðan annast sölu, annað hvort til innlendra kaupenda eða beint út. Hvatning kom til handprjónara um að senda ekki vörur frá sér til verslanana fyrr en samningar við þær hafa náðst. Handprjónasambandið býðst til að útvega félögum sínum lopa til að prjóna lager, meðan á þessu verkfalli stendur, en þá verður líka að vera tryggt að sambandið fái vöruna aftur.

Á fundinum í Glæsibæ voru um 500 konur og var einhugur mikill. Voru sumar konurnar komnar langt að og margar



frá Suður- og Vesturlandi. Fólk er hvatt til að fylgjast vel með tilkynningum frá sambandinu. Brátt mun verða auglýstur gíróreikningur og getur fólk borgað stuðningsframlög og félagsgjald sitt, kr. 3000 inn á hann og fengið félagsskírteini til baka. Samb

framhald á bls. 3.



Mótmælastaða BSRB fyrir utan Háskólann.

Verkfallsvopnið og BSRB:

Í kjaradeilu BSRB við ríkisvaldið hafa á ýmsan hátt verið gerðar tilraunir til að vekja fjöldann til baráttu og auka virkni almennra félagsmanna í BSRB. Árangursrík verkfallsbarátta verður aldrei háð, nema fjöldinn sé einhuga um og móti þær kröfur sem barist er fyrir og þær baráttuaðferðir sem beitt er. Því voru fundirnir sem haldnir voru í öllum félögum BSRB, um land allt, þegar sáttatillagan var kynnt mjög mikilvægir. Þar gafst mönnum kostur á að kynna sér hvað fólst í þeirri sáttatillögu, sem greiða átti atkvæði um, koma með fyrirspurnir og setja fram álit sitt á þeim. Þessir fundir urðu einnig til að þjappa saman félögum BSRB fyrir þau átök sem framundan voru.

Daglegir fundir í verkfallinu.

Er verkfallið skall á tóku 2 fjölmennir hópar ríkisstarfsmanna þ.e. Starfsmannafélag ríkisstofnana (um 2500 meðlimir) og kennarasamböndin SÍB og LSFK (rúmlega 2000 meðlimir) uppþá nýbreytni að hafa fundi eða opið hús fyrir félagsmenn daglega á meðan á verkfallinu stóð. Þar var kynnt staðan, bæði í samningunum og framkvæmd verkfallsins, og fulltrúar úr samninganefndinni mættu þar og skýrðu frá gangi mála og svöruðu fyrirspurnum. Þrátt fyrir það að fundirnir hefðu ekkert ákvörðunarvald í sambandi við samningana voru þeir þó vissulega stórt skref framávið til aukins lýðræðis og sýndu glöggt hve mikill styrkur slíkir fundir geta verið í verkfallsbaráttu.

Í fyrsta lagi er það mjög mikilvægt, að þeir sem standa í verkfalli hafi sem bestar fréttir af stöðunni í samningunum og framkvæmd verkfallsins, Það er einungis verið að gefa borgurunum vopn uppí hendurnar ef borgaralegir fjölmiðlar eru einir látnir um slíkan fréttaflutning. Í öðru lagi er það nauðsynlegt að samninganefndin sé í sem bestum tengslum við fólkið í félögunum og að ákvarðanir hennar í samningunum endurspegli vilja félagsmanna.

Það kom einnig í ljós að slíkir fundir örva fólk mjög til beinnar þátttöku í verkfallsvörslu og öðru sem viðkemur framkvæmd verkfallsins. Á fundunum voru menn hvattir til að koma til starfa og ætíð skráð niður fólk á hverjum fundi til verkfallsvörslu og annara starfa. Varð það til þess að margir sem ella hefðu setið heima og hugsað sem svo "Mín er ekki þörf í verkfallsvörsluna" mættu í vörsluna, og öðluðust þannig reynslu og meðvitund í þeirri baráttu sem háð var. Fundirnir urðu einnig til að afhjúpa fyrir almennum félagsmönnum þá forystumenn sem ætíð voru reiðubúnir að hlaupast undan merkjum og svíkja baráttuna. Þeir komu á fundina og voru fyrstir til að koma fram með uppgjafatón og úrtölur. Sú uppgjöf hlaut þó lítinn hljómgrunn hjá félögum sem vildu berjast til þrautar til að ná fram rétti sínum. Aukin fjöldavirkni og fundasókn er slíkum stéttsvikurun síst að skapi og gera þeir allt sem þeir megna til að hindra að félagsmenn fái að koma skoðunum sínum að framfæri. Tvö dæmi má nefna um það hvernig afstaða þessarra nanna lýsir sér í reynd. Þegar Starfsmannafélag Reykjavikurborgar hélt fund um samning sem forystan hafði gert við borgina og átti að vera til kynningar á honum mætti forystan með 70 eintök til að dreifa á fundinum. Þetta var sú fundarsókn og áhugi sem þeir bjuggust við í 1800 manna félagi. Annað dæmi er stjórn LSFK, sem sýndi í verkfallinu að hún er á engan hátt fær um að leiða baráttuna, þar sem hún er andsnúin baráttu fjöldans. Stjórnin sá ekki ástæðu til að halda fund um samninginn nú eftir að verkfalli lauk, þ þrátt fyrir að í þessum samningi séu ótal atriði, sem varða kennara sérstaklega auk almennra atriða. Stéttsvikararnir vilja á allan hátt reyna að draga úr lýðræðinu innan

Framhald á bls. 2

LEIÐARI

Októberbyltingin 60 ára

Sumir atburðir sögunnar hafa meiri áhrif en aðrir, þó er það sennilega fátt sem skipt hefur meiri sköpum fyrir jafn marga eins og Októberbyltingin. Aldrei fyrr í sögunni hafði bylting orðið til að frelsa fjöldann og koma honum til valda. Það hafði verið gerð bylting sem svipti eignastéttina völdum og færði þau í hendur eignaleysingjunum. Þegar þessi tíðindi bárust um heiminn fyrir 60 árum síðan voru þau það skelfilegasta sem auðmannastéttin hafði þá heyrt. Á þessum tíma átti borgarastétt Evrópu í heimsstyrjöld, en við þessa voðalegu frétt, um að öreigastéttin hefði tekið völdin, var strax samin friður, en herjunum snúið gegn þessum nýja óvini, sem var miklu hættulegri en nokkur annar andstæðingur. Auðmannastétt heimsins sem áður hafði borist á banaspjótum. stóð nú saman eins og einn maður gegn boðberum þeirrar kenningar aðfrjáls þróun einstaklingsins væri forsenda frjálsrar þróunar heildarinnar. Hin nýja bylting frelsaði einstaklinginn undan arðráni og kúgun yfirstéttarinnar og svipti hana völdum og eignarrétti á framleiðslutækjum þjóðfélagsins en færði þau þess i stað í hendur alþýðunnar. Með þessu tryggði byltingin frelsi einstaklingsins og frjálsa þróun heildarinnar. Þetta voru váleg tíðindi fyrir eignastéttina, sem skynjaði það hættulega fordæmi sem Októberbyltingin var alþýðu heimsins. Hermenn þessa nýja óvinar voru ekki erlendur óvinaher heldur öreigastétt allra landa. sem heimtaði afnám kapítalismans með vopnaðri byltingu sósíalismans. Síðan þetta skeði eru liðin 60 ár og á þessum tíma hafa skipst á sigrar og ósigrar í frelsisbaráttu alþýðunnar. Auðmannastéttin hefur háð marga blóðuga baráttugegn frelsisbaráttu alþýðunnar. Frá 1917 til 1920 börðust erlendir herir 14 ríkja í Rússlandi til að brjóta Októberbyltinguna á bak aftur. og í fimm ár reyndu fasistasveitir Hitlers að aflífa byltinguna í mannskæðustu átökum heimsstyrjaldarinnar síðari. En sósíalisminn og frelsisbaráttan hefur ekki enn mætt svo sterkum óvini að hún hafi ekki getað sígrast á honum að lokum. Sagan hefur sannað að helsta von mannkynsins, sósíalisminn táknar frelsi alþýðunnar og einstaklingsins undan kúgun fámennrar yfirstéttar sem lifir á arði af vinnu fjöldans, en sagan hefur líka sannað að brátt fyrirað sósíalisma hafi verið komið á þá heldur baráttan áfram. Það eru alltaf til þeirmenn sem vilja endurreisa kapítalismann, menn sem vilja skara eld að sinni köku á kostnað fjöldans. Þess vegna heldur stéttabaráttan áfram í sósíalismanum og verður jafnvel enn harðari en áður. Það er aðeins ein leið til að endurreisa kapítalismann í sósíalísku þjóðskipulagi eins og sannað hefur verið með endurreisn kapítalismans í Sovétríkjunum. Í gegnum valdastofnanir ríkisins og æðstu einingar flokksins getur borgarastétt af nýrri gerð nað völdum og komið á kapítalísku þjóðskipulagi. Þar sem vinna fjöldans skapar einkagróða og þar sem ánauð fjöldans skapar völd einstaklingsins. Þannig er komið fyrir Sovétríkjunum í dag, landi Októberbyltingarinnar". Borgarastéttin hefur aftur náð völdum, með þvi að einstaklingshyggjumenn náðu undirtökunum í sósíalíska ríkiskerfinu og flokknum og hafa i dag afnumið sósíalismann og endurreist kapítalismann, sjálfum sér til dýrðar. Gagnbyltingin í Sovétríkjunum er mesti ósigur sósíalismans, en ósigrum er hægt að snúa upp í sigur með því að læra af mistökunum og vinna stærri sigra í framtíðinni. Ósigurinn í Sovétríkjumn 1956 hefur fært okkur dýrmæta reynslu, semmun verða hornsteinnin að enn stærri sigrum í framtíðinni. Framtíðin er björt og Októberbyltinin er lýsandi dæmi fyrir byltingarbaráttu alþýðunnar um allann heim.

FRAMHALD AF BAKSÍÐU

Baader Meinhof

Þá var eðlilegt að upp spryttu hópar sem segðu auðvaldsþjóðfélaginu stríð á hendur og gripu til vopna. Þróunin eftir þetta er hverjum ljós.

Valdastéttin hefur skert lýðræðið mjög og ekki aðeins starfsemi terrorista eins og Baader- Meinhof, heldur skerða þeir frelsi vinstrisinn aðra hópa og gera svívirðilegar árásir á róttæka ríkisstarfsmenn. Nú eru uppi raddir meðal valdamanna í Þýskalandi um að banna nokkra flokka, þar á meðal Moskvusinnaðan kommúnistaflokk og nokkra marx- leníníska flokka.

Valdastéttin notar þannig óvinsældir terroristanna til að hefta starfsemi vinstrimanna. Vel að merkja þá vinstrimenn sem fordæma svokallaða borgarskæruliða.

Hryðjuverkamenn og verkalýðurinn.

Markmið hryðjuverkamannanna var að steypa valdastéttinni. Þeir hafa bara einfaldlega ekki komið auga á þann sannleika að fólkið er aflið og einungis sameinuð alþýðan getur sigrað hinn volduga óvin sem auðvaldið er. Þeir eru gjörsamlega slitnir úr tengslum við verkafólk.

Áður hafa komið upp viðlíka hópar innan andstöðuhreyfinga. Eitt dæmi mætti nefna þar sem nihilistarnir í rússneska keisaradæminu voru. Um gagnsleysi þessarar stefnu vitnar eftirfarandi saga: Í kringum 1890 myrtu rússneskir nihilistar keisarann Alexander II. Afleiðingin varð sú, að til valda kom Alexander III og ógnarstjórnina herti til muna.

Baader-Meinhof hreyfingin er komin úr tengslum við alþýðuna og raunar hafa félagar hennar löngu glatað markmiðinu, sem sést best á því að tilgangur hreyfingarinnar er nú eingöngu sá að viðhalda sjálfri sér. Allar aðgerðir þeirra beinast í þá átt að fá lausa félaga sína og fjármagn til áfram haldandi rekstrar sjálf síns.

Því má ljóst vera, að alrangt er að bendla kommúnista eða vinstra fólk yfirleitt við þessa glæpahópa. En það er einmitt það sem þýska borgarastéttin gerir. Skerðir frelsi vinstrisinna í nafni baráttu gegn borgarskæruliðum. Þannig má sjá að þessir hópar eru vinstrisinnum til hinnar mestu óþurftar og ætti það eitt að sanna óskyldleikann þar á milli.

Lögregluríki.

Þýskaland er orðið lögregluríki. Við sáum í sjónvarpinu s.l. laugardag (29/10) í frétt frá útför Baaders og félaga hans tveggja að þar treystu menn sér ekki til að mæta nema dulklæddir. Lögreglan stofnaði til vandræða og krafðist þess, að fá að sjá persónuskilríki jarðarfarargesta. Til hvers? Einfaldlega til þess að fullkomna spjaldskrá lögreglunnar yfir róttækt fólk.

Það er ekki hægt að kenna borgarskæruliðum um þessa þróun. Borgarastéttin þýska greip til þess ráðs þegar 1968 að hefta lýðræðið og þá voru engir Baader-Meinhof hópar til.

Eitt má vera ljóst, það er að í Þýskalandi eru enn í háttsettum stöðum menn sem voru starfandi félagar Hitlers. Dæmi þess er hinn nýdrepni Schleyer. Þannig þarf slík þróun ekki að koma á óvart í Þýskalandi.

FRAMHALD AF FORSÍÐU:

Verkfallsvopnið og BSRB:

félaganna og gera fjöldanum ókleift að starfa að eigin kjarabaráttu svo þeir geti ótruflaðir gengið að svikasamningum við ríkisvaldið eða borgaryfirvöld.

Aðgerðir ASÍ forystunnar.

Þetta er einmitt sú aðferð sem ASÍ forkókfarnir hafa beitt með góðum árangri undanfarin ár. Félagar í ASÍ hafa enga möguleika á að fylgjast með samningaviðræðum meðan þeir eru í verkfalli nema í gegnum fréttamiðla borgaranna.

Því síður hafa þeir nokkurn möguleika að að hafa nein áhrif á gang mála við samninga borðið. Síðasta dæmið um það hvernig aðferðumASÍ forystan beitir til að hindra að verkafólk nái fram mannsæmandi kjörum voru samningarnir í sumar. Þar var samið um smán arlaun fyrir meginþorra verkafólks, án þess að verkfallshótun eða verkfallsvopninu væri beitt af neinni alvöru. Síðan var skrifað undir, og samningarnir keyrðir í gegn á fundum an þess að verkafólk fengi neitt tækifæri til að koma fram með sínar skoðanir og vilja. Við næstu samninga verða félagar ASÍ að berjast fyrir því að haldnir verði fundir í félögunum daglega ef til verkfalls kemur. Það er eitt skref í þá átt að auka lýðræðið innan ASÍ og gera félögin að baráttutækjum fjöldans.

Þótt samningarnir verði þykktir í allsherjaratkvæðagreiðslunni 9. og 10. okt er mikil nauðsyn á að sú virkni sem skapaðist í verkfallinu haldi áfram. Framundan eru sérsamningar félaganna, sem eiga að verða afgreiddir innan 45 daga. Við þá samningagerð verða félagar BSRB að krefjast lýðræðislegrar umræðu og ákvarðanatektar um þær kröfur sem lagðar eru fram.

Alþýðulist er vopn

Framhald af baksíðu:

En þetta er alls ekki nóg, miklu fleiri geta lagt sitt að mörkum og lífgað þannig menningu hinna vinnandi stétta þjóðfélagsins. Án byltingarsinnaðrar menningar verður frelsi alþýðunnar aldrei að veruleika. Alþýðumenningin hefur raunar úrslitaþýðingu í stéttabaráttunni.

Nú standa yfir sýningar á Skollaleik, leikriti Böðvars Guðmundsonar, í Lindarbæ.

Sýningarnar fara fram á mánudögum, fimmtudögum og sunnudögum. Stéttabaráttan hvetur alla sem vettlingi geta valdið til að fara og sjá leikritið. Þeir sem þegar eru búnir að sjá það ættu endilega að skella sér aftur, það er vel þess virði.



...í Stuttu máli

Frönsk íhlutun í V-Sahara.

Franska stjórnin hefur nú sent herlið til V-Sahara til að berjast gegn frelsishreyfingunni POLISARIO. Ástæðan fyrir þessari íhlutun frakka er að sögn frönsku stjórnarinnar sú, að POLISARIO hefur nú í haldi 13 franska gísla. POLISARIO hefur lýst því yfir, að þar sem franska stjórnin styddi afturhaldsöflin í Marokkó og Máritaníu bæði með vopnum og hernaðarráðgjöfum og styrkti þau þannig í baráttunni gegn Frelsishreyfingu Vestur Sahara liti hreyfingin á franska þegna sem óvini, og yrði farið með þá sem slíka.

Í stað þess að velja þá leið til að fá gíslana framselda, að hætta þegar stuðningi sínum við afturhaldsöflin hefur frönsk borgarastétt sýnt heims valdaeðli sitt, með því að senda herlið til að berjast við hermenn frelsishreyfingarinnar.

Frakkar virðast þannig ekkert hafa lært af fyrri ósigrum sínum til dæmis í Víetnam og Alsír.

frh. af bls 3

Hans Martin Schleyer og vinir hans.

"Carlos" og sagði hann vera í sambandi við hin ýmsu hryðjuverkasamtök. Einnig var hann sagður í sambandi við þjóðfrelsishreyfingar eins og PLO. En sú lygasaga er svo illa gerð að hún heldur hvergi vatni. Til dæmis var sagt að fimm óvopnaðir lögreglumenn hefðu farið að handtaka þennan hættulega mann. En franska lögreglan reynir aldrei að handtaka neinn vopnlaus, hún er einmitt þekkt af hinu gagnstæða.

Lögin gegn þýskum kommúnistum eru reyndar gömul. Þau voru sett á fimmta áratugnum. Með þeim er vinstri mönnum bannað að starfa hjá ríkinu. Á erlendum mörkuðum teigir þýska ríkið æ lengra út klærnar. Ítölum var hótað um stöðvun allra lána ef þeir leyfðu "kommúnistum" að setjast í ríkisstjórn. Þýsk vopnasala blómstrar og þýskt fjármagn er flutt út í vaxandi mæli. Ekki þarf að efa að meiri harka verði tekin upp eftir óskum þýskrar borgarastéttar ef hún telur þess þörf

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar, sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud15-18,30
● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson, Hafnarstræti23.
● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd, Reykjarvíkurvegi 24.
● Hornafjörður: Skúli Waldorff, Silfurbraut 2.
● Ísafjörður: Kristinn Karlsson, Fjarðarstræti 7.
● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum38.
● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson, Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi,
● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.
Laugarvatn: Einar Jónsson Menntaskólanum Laugarvatni.
● Danmörk: Magnús Þorgrímsson, Börglum Kollegiet v.444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.
● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 3A:218, 222 46 Lund.

Hans Martin Schleyer og vinir hans

Þegar nasistarnir höfðu völd yfir þýska ríkinu, var það í nánu samstarfi við þýska stórborgarastétt (eigendur einokunarhringa og banka). Það var reyndar í hennar þágu sem þeir störfuðu fyrst og fremst. Það sjáum við skýrt, þegar við lítum yfir verk þeirra og áætlanir. Það fyrsta sem þeir gerðu var að banna kommúnistaflokkinn og myrða þá af félögum hans sem þeir náðu í, eða senda þá í fangelsi.

Til að dylja að hér var um stétta átök að ræða (nasistarnir hrópuðu "stétt með stétt" eins og íhaldið og Mogginn nú) þá lögðu þeir áherslu á að kynda að glóðum kynþáttahaturs. Á þeim grundvelli var aðförin að kommúnistum þýskalands á þriðja áratugnum. Kommúnisminn var kallaður "Gyðingasamsæri" upprunnið frá "gyðingnum Karl Marx". Það er athyglisvert að Hannes Gissurarson sem hefur tekið upp mörg af rökum nasismanns talaði líka um "gyðinginn Karl Marx", þegar hann reyndi með fölsunum og útúrsnúningum að ata hann auri, í útvarpserindi sem honum var úthlutað til að uppfræða íslenska alþýðu um kommúnismann. Annað það sem var á óskalista þýsku stórborgarastéttarinnar var að hefta starfssemi verkalýðsfélaganna, fá ódýrt vinnuafl og yfirráð yfir fleiri hráefnalindum. og auknum mörkuðum. Þetta reyndu þýsku nasistarnir dyggilega að uppfylla. Verkalýðsfélögin voru bönnuð og í stað þeirra stofnuð félög sem atvinnurekendur áttu einnig sæti í. (stétt með stétt, í framkvæmd). Öll mótmæli verkafólks voru barin niður með hjálp lögreglu og hers. Þessi félög sáu að sjálfsögðu aðeins um hagsmuni atvinnurekenda og er ekki furða að íslensk borgarastétt óski sér sömu aðstöðu, það er að banna verkföll. Nasistarnir komu á fót þrælabúðum, (kallaðar vinnubúðir), þar sem kommúnistar, gyðingar og hertekið fólk, vann undir eftirliti hermanna. Baráttan fyrir "lífsrými" þýskrar stórborgarastéttar var staðreynd sem ekki fór fram hjá neinum.

Von þýsku stórborgarastéttarinnar um alheims markað fyrir þá og þræla með engin lýðréttindi, -dó á sléttum Sovétríkjanna. En sá dauði þýddi ekki dauða þýskrar stórborgarastéttar. Hún hélt öllum



Hans Martin Schleyer á fundi v- þýska vinnuveitendasambandsins.

stöðum sínum í Vestur Þýskalandi, sem var undir verndarklóm bandarísku borgarastéttarinnar. Gömlu nasistarnir héldu ekki aðeins völdum yfir fyrirtækjum og bönkum, held ur líka í lögreglu og dómskerfi.

Í dag sjáum við sömu starfsaðferðum beitt og hjá nasistum áður, Erlendum verkamönnum er kennt um erfiðleikana í iðnaði og blásið að glóðum haturs á þeim. Aðgerðir örfárra hermdarverkamanna eru blásnar upp til að réttlæta skerðingu á ritfrelsi. Í lögum um hvað megi segja og skrifa, er bannað að tala um að steypa ríki þýskrar borgarastéttarog auðvald og arðrán eru einnig bannorð. Hermdarverkamenn sem aðeins berjast fyrir að viðhalda sjálfum sér, eru kallaðir vinstrimenn til að hægt sé að réttlæta bann á starfsemi vinstriflokka. Þá gætu þessir hópar sumir hverjir verið á snærum nýnasista eða lögreglu Dæmi um það síðarnefnda er frá Frakklandi. Þar bjó lög reglan til hryðjuverkamanninn

frh. á bls. 2

Varla kemur það neinum á óvart hver var uppruni Hans Martin Schleyers,eins og við sjáum á fréttaskeyti frá Bonn, sem birt er hér á eftir.

Hans Martin Schleyer sem fannst myrtur í bílskotti í borg inni Mulhouse í gær, eftir að hafa verið haldið föngnum í 44 daga, var formaður sambands vestur-þýskra atvinnurekenda og var þekktur sem harðskeytt ur samningamaður kapítalista í deilum við verkamenn og ákafur talsmaður hins svokallaða frjálsa hagkerfis.

Gagnrýni margra verkalýðs leiðtoga svaraði hann jafnan á þann veg að það væru ekki verkamenn sem ættu að ráða stefnu iðnaðarins. Formennsku hans fyrir vestur-þýska kapítalista frá 1973 var ekki fagnað af verkalýðsfélögunum ,sem mundu fyrri aðfarir hans gegn þeim, sérstaklega þegar hann setti verkbann á málmiðnaðarmenn í verkfalli, í Baden Würtemberg 1966.

Schleyer fæddist í Offenburg þann 1. maí 1915. 16 ára gamall gekk hann í æskulýðssamtök nasista og varð fljótt félagi í flokki þeirra, sem og SS hryðjuverkasamtökum nasista sem einnig þjónuðu sem persónulegur lífvörður Hitlers 1933 þegar nasistar náðu völdum var hann gerður að yfirmanni stúdentasamtakanna í Heidelberg og hafði þá með höndum að auka veg nasismans meðal stúdenta. Eftir hernám Austurríkis 1938 starfaði hann að sama markmiði þar í háskólanum í Innsbrück, en þaðan var hann útskrifaður doktor í lögum. Eftir hernám Tékkóslóvakíu 1938fór Schleyer til Prag þar sem hann gerðist yfirmaður Iðnaðarsambands Bóhemíu og Móravíu. Hann slapp við að vera sendur á vígstöðvarnar, enda persónulegur vinur Göbbels. Í Prag vann hann m.a. að því að skipuleggja hagnýtingu vinnuafls fanga í þrælabúðum nasista. Í lok stríðsins var hann handtekinnn í Prag og eyddi þremur næstu árum í fangelsi í Frakklandi. Eftir að vera sloppinn þaðan hóf hann störf hjá bílahringnum Daimler-Benz og var gerður að forstjóra þess fyrirtækis 1963. Schleyer lætur eftir sig konu og fjóra syni.

Þessi klausa er tekin upp úr Vísi, þarf varla að fara í grafgötur með til hvers þetta er skrifað.

Þeir, sem telja sig best þekkja til hryðjuverkaaflanna, segja, að þessi öfgasamtök byggi starfsemi sína jafnt að skoðanabræðrum um lönd öll, sem aldrei taka sér vopn í hönd, og hinum, sem vinna svo illvirkin. Þessi skoðanasystkin ljá hryðjuverkamönnunum húsaskjól, sjá þeim fyrir fari til ákvörðunastaða og útvega þeim vegabréf, þótt þau kannski veigri sér við að vinna sjálf ódæðisverkin.

Framhald af forsíðu

Handprjóna samband Íslands

andið mun innan fárra daga opna skrifstofu að Skólavörðustíg 19 í húsnæði sem Rafafl mun leggja þeim til ókeypis fyrst um sinn.

Þegar til þessa fundar var boðað höfðu þegar á fimmta hundrað konur látið skrá sig í félagið, og enn fleiri skráðu sig á fundinum. Ekki þarf marga félagsmenn til að greiða árgjald sitt til að fjárhagur sambandsins verði nokkuð traustur og stofnframlag sem verður líklega andvirði tveggja peysa muna gera sambandinu kleift að hefja störf sín af kappi.

Prjónakonur. Of lengi hefur viðgengist að kaupendur prjonavöru séu einráðir um verð vörunnar. Þegar þið fylkið liði um samtök ykkar munuð þið geta fengið tvöfalt verð fyrir vörur ykkar og losnið þar að auki við margan snúning og ferðalög. Stofnið félög handprjónara í heimabyggð ykkar og sameinist um Handprjónasamband Íslands. Þeir sem framleiða vöruna skulu einnig njóta arðsins af henni.

SÍMI FORMANNSINS HULDU GÍSLADÓTTUR ER : 99-1967 SELFOSSI.

LÖG HANDPRJÓNA-SAMBANDS ÍSLANDS

1.gr.

Félagið heitir Handprjónasamband Íslands. Starfssvið félagsins er allt landið. Stjórnin hefur aðsetur í Reykjavík.

2.gr.

Tilgangur félagsins er sá, að efla og styðja hag félagsmanna á þann hátt sem kostur er, með því að beita sér fyrir sanngjörnum launum fyrir handprjón í heimahúsum og með því að skipuleggja innan félagsins alla sem vinna í þeirri starfsgrein. Félagið beitir sér fyrir banni á útflutningi óunninnar ullar.

3.gr.

Félagið er opið öllum handprjónurum og öllum sem starf þeirra vilja styrkja.

4.gr.

Sá sem vill verða félagsmaður skal senda stjórn félagsins skriflega inntökubeiðni Stjórn félagsins samþykkir inntökubeiðnina ef skilyrðum 3.gr. er fullnægt.

5.gr.

Félagsmenn eru skyldir til að hlýða lögum félagsins og fundarsamþykktum.

6.gr.

Stjórn félagsins skipa 5 félagar, 2 til eins árs og 3 til tveggja ára, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi.

7.gr.

Aðalfundi skal halda í mars-apríl ár hvert. Boðað skal til þeirra með mánaðar fyrirvara Gerir þá stjórn félagsins grein fyrir störfum sínum á liðnu starfsári og leggur fram endurskoðaða reikninga sjóða félagsins. Aðalfundur kýs stjórn félagsins og tvo endurskoðendur. Aðalfundur getur einn breytt lögum félagsins, ef hann er löglega boðaður.

8.gr.

Á aðalfundi skal félagsgjald ákveðið fyrir næsta starfsár.

9.gr.

Félagið heldur fundi þegar stjórn félagsins telur þess þörf. Til funda skal boðað með viku fyrirvara. Verðlisti og meiriháttar ákvarðanir í kaupgjaldsmálum skulu bornar undir félagsfund.

10.gr.

Félögum ber að kappkosta að vanda vöru sína og selja ekki nema fyrsta flokks fatnað. Félagar skulu styðja hvor annan í starfi og greiða fyrir sölu vörunnar ef hægt er.

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

GAMLAR LUMMUR ALÞÝÐUBANDALAGSINS Í HERMÁLINU:

Meðfylgjandi úrklippa er úr leiðara Þjóðviljans 1. nóv. s.l. Þar er auðsjáanlega verið að hita upp fyrir kosningabaráttuna í vor og er ekkert til spar að. Mér virðist þó, sem leiðarahöfundi fatist nokkuð flugið þegar hann telur að tvíendurtekin svik sósíalista í tveimur vinstri stjórnum geri það að verkum að herstöðvaandstæðingar geti aðeins reitt sig á Alþýðubandalagið. Sú reynsla sem við herstöðvaandstæðingar höfum fengið af vinstri stjórnunum tveimur er hins vegar sú, að á það sé ekki að treysta. Ráðherrar þess hafa sýnt, að þeim var meira í mun, að halda í ráðherrastólana en að standa við gefin loforð. Þess vegna leggjum við herstöðvaandstæðingar ekki traust okkar á Alþýðubandalagið í herstöðvamálinu heldur á eigin afl og eigin baráttu. Með leiðum fjöldabaráttunnar mun okkur takast að ná fram markmiðum okkar: Ísland úr NATÓ-Herinn burt.

Herstöðvaandstæðingur

Enn einu sinni verður gengið til kosninga og þá verður tekist á um herstöðvamálið. Reynslan úr vinstristjórnunum tveimur sýnir að sósíalistum er einum treystandi til þess að knýja fram niðurstöður í herstöðvamálinu. Þannig er Alþýðubandalagið eini flokkurinn sem herstöðvaandstæðingar geta reitt sig á að hvergi hviki frá settu markmiði.

Af fjölmiðlum

"Attica fangelsið" og lygar yfirvalda.

Fyrir stuttu sýndi sjónvarpið mynd frá uppreisn í Attica fangelsinu í New York. Fangarnir gerðu þá uppreisn gegn slæmum aðbúnaði og tóku nokkra fangaverði í gíslingu. Athyglisvert er að allir fangarnir í þessu fangelsi ko. u úr lægri stéttum þjóðfélagsins; svertingjar, innflytjendur og fleiri. Má gjarnan bera saman aðbúnað þarna og svo hins vegar í fangelsum "hvítflibbanna" eins og til dæmis því sem Watergate-syndaselirnir sitja í. Í þessum "hvítflibba"-fangelsum eru golfvellir og einkaíbúðir og á heimsóknatímum fylla Rolls Royce og alls kyns Kaggar, bílastæðin fyrir utan. Þá fá fangar þar ríf leg leyfi til að skreppa í heimsóknir til vina og vandamanna.

Fangarnir í Attica fangelsinu komu úr þeirri stétt þjóðfélagsins sem ekki hefur rétt til að rífa kjaft og þegar þeir gerðu uppreisn, var allt búið undir að skjóta þá eins og óða hunda. Það átti að kenna þessum hópi í eitt skipti fyrir öll að uppreisnir borguðu sig ekki. Móðursýki sem nögnuð var upp meðal hers og lögreglumanna, sem inn áttu að ráðast, er samskonar og í öllum slíkum tilvikum. Alið er á ótta og hatri í garð uppreisnarmanna. "Vildir þú vera í sporum varðanna í garðinum með hnífum á hálsinum?" (Aldrei sást slíkt þó á myndum) "Hugsið um börn þessaramanna og konur þeirra, sem skæla fyrir framan sjónvarpið". Það var ekki hugsað eins mikið um þær þegar menn þeirra voru skotnir af lögreglunni. Uppreisnarmenn eru úthrópaðir sem "litlir gulir djöflar" "skítugir glæpamenn" og "helvítis kommúnistar" Og til að "lýðræðinu" sé ekki hætta búin erekkert talið sjálfsagðara en að kæfa uppreisnir í blóði. Þegar svo gíslarnir eru "frelsaðir" og margir þeirra og jafnvel allir eru skotnir, þá heiti það að uppreisnarmenn hafi myrt þá. Var það bara fáránleg bjartsýni yfirvalda að halda sig komast upp með að segja gíslana hafa verið skorna á háls, þegar vitað var að daginn eftir sýndu læknar fram á að þeir hefðu verið skotnir af lögreglunni? Nei þetta var ekki bara bjartsýni. Fyrri fréttir um að gíslarnir hefðu verið skornir á háls, var mun betur auglýst og fór víðar um heim, auk þess sem hún skapaði með mönnum hatur á föngunum, sem ekki hvarf, svo auðveldlega þótt hið sanna kæmi í ljós. Lygar um morð hryðjuverkamanna á gíslum eru margar. Í "Harmleiknum í Munchen" voru 11 ísraelskir íþróttamenn skotnir á flugvellinum af lögreglumönnum sem voru að frelsa þá. Síðan var þyrla ræningjanna skotin niður og létust allir um borð, flugmaðurinn líka. Palestínskir skæruliðar tóku eitt sinn skólabörn í gíslingu . Ísraelskir hermenn skutu fjölda barnanna við frelsun þeirra og afhentu trylltum múgnum lík skæruliðanna og særður skæruliði var rifinn af sjúkrabörum og barinn í hel. Síðan var troðið á líkunum og þau brennd. Fólkið sem lést við frelsun gíslanna á Entebbe var skotið af ísraelska hernum. Þar létust bæði farþegar, flugvallarstarfslið og allir skæruliðarnir.

Þau dæmi sem hér hafa verið tekin eru fá af mörgum. Fólk hefur gripið til ofbeldis gegn kúgun. Þetta ofbeldi magnað lygum yfirvalda hefur verið notað til réttlætingar ofsókna og enn harðara ofbeldis gegn hverjum þeim sem berst gegn kúgun.

Óðinsgata 17 A



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
39. tbl. 8.11.1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

REYKJAVÍK 10.11.1977

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.



Þessi mynd er tekin fyrir utan skrifstofur sambands sósíalískra stúdenta í V-Berlín þann 11. apríl 1968, en þá var leiðtoga róttækra stúdenta, Rudi Dutschke sýnt banatilræði.

Baader Meinhof

Það hefur sjálfsagt ekki farið framhjá neinum að svokallaðir borgarskæruliðar í V-Þýskalandi hafa verið iðnir við að koma málum sínum á framfæri þótt ekki hafi þeir haft erindi sem erfiði.

En hvað er þetta fyrirbæri borgarskæruliði?

Uppruninn.

Upphaflega er þessi hreyfing sprottin upp úr stúdentahreyfingu Evrópu sem stóð fyrir miklum mótmælaaðgerðum gegn auðvaldsþjóðfélaginu, einkum í Frakklandi og Þýskalandi.

Valdastéttir þessara landa brugðu hart við og gripu til þess ráðs að kæfa þessi mótmæli með vopnavaldi. Það tókst m.a. vegna einangrunar stúdentanna frá verkalýðshreyfingunni og raunar vegna vonleysis þeirrar hugmyndar að stúdentar geti verið forystuafl byltingarinnar.

Þessi hörkulegu viðbrögð valdastéttanna hlutu að kalla á andsvör hreyfingarinnar.

Hafa verður það í huga, að þessi hreyfing er ekki ein samstæð heild heldur meira og minna ósamstæðir hópar með misjafnar hugmyndir. Gott dæmi er Fylkingin á þessum tíma (um 1968). Þá voru allir ismar til þar, eins konar hrærigrautur og stefnan í stíl. Upphlaup og handahófskenndar aðgerðir voru einkennandi. Að einhverju leyti eiga þessar hreyfingar rætur að rekja til andstöðu við Víetnamstríðið.

Upp úr slíku ástandi getur margt gerst. Meira að segja uppi á Íslandi glöptust menn út í vafasöm ævintýri og tilraunir til sprengjuleika. Einmitt úr Fylkingunni.

Viðbrögð valdastéttarinnar á Íslandi urðu allt önnur en bræðra þeirra erlendis. Enda varð hreyfingin aldrei eins öflug hér og erlendis. Við skulum hins vegar hafa það hugfast að íslenska valdastéttin hefði gripið til samskonar aðgerða ef hún hefði talið þess þörf. Vissulega sigaði hún lögreglu á vissa hópa í vissum tilvikum og afskipti lögreglu að róttækum hreyfingum hafa ekki verið könnuð t.a.m. símahleranir og fleira.

Á meginlandinu þróuðust málin öðruvísi. Valdastéttin þar lét kné fylgja kviði og réðist gegn róttækum öflum og reyndi að hefta starfsemi þeirra. Lögreglu var beitt miskunnarlaust gegn mótmælendum, þýska þingið samþykkti lög sem þrengdu lýðræðið verulega og hægrisinnar gerðu morðárásir á mótmælendur hvað eftir annað. Sem dæmi má nefna tilraun þýsks fasista til að myrða leiðtoga stúdenta þar, Rudi Dutshke.

Framhald á síðu 2

Stéttabaráttan


Nú hefur áskrifta og söluherferðin staðið í rúma tvo mánuði og eru því tæpir tveir þar til henni lýkur. Lausasalan er með besta móti, en hvað áskriftasöfnunina áhrærir verðum við að taka á honum stóra okkar til að ná markmiðinu.

Fyrir áramót verður Stéttabaráttan prentuð á aðra prentvél en verið hefur, og verður útlit og stærð blaðsins þá allt með betra horfi heldur en verið hefur.

Aukin útbreiðsla blaðsins-Bættur fjárhagur-Tíðari úrgáfa.

Hamarinn sýnir aukningu lausasölunnar frá upphafi herferðarinnr, 1 september s.l. Sigðin telur aukningu áskrifenda á sama tímabili.

Nýjar áskriftir skal póstsenda til: Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15, Pósthólf 1357. S: 27810



Alþýðulist er vopn

Listir eru hlutverulegt fyrirbrigði sem þróast fram með stéttum þjóðfélagsins. Þannig taka listir afstöðu með eða móti hinum hinum stríðandi stéttum og eru virkur þátttakandi í stéttabaráttunni. Borgarastéttin hefur sínar listir sem þjóna hennar hagsmunum, rétt eins og vinnustéttirnar hafa sínar listir. Engin list er list listarinnar vegna, því listir eru til að þjóna fólkinu.

Þess vegna leggjum við tvennan skilning í hvers konar listir þ.e. listrænan og pólitískan.

Íslensk auðstétt er sér vel meðvituð um hvers kyns list og menningu henni ber að styðja og eins hvers kyns list og menningu henni ber að berjast gegn. Því í þjóðfélaginu takast á annars vegar menning alþýðunnar og hins vegar menning borgarastéttarinnar. Það er því ósköp eðlilegt þar sem auðvaldið blómstrar eins og á Íslandi að alþýðulist eigi erfitt uppdráttar. En að sjálfsögðu mun barátta alþýðunnar sigra þar eins og annars staðar.

Það verður ekki átakalaust og á ekkert hefur alþýðan að treysta nema sinn eigin mátt og megin. Því öðrum kröftum er ekki til að dreifa.

Alþýðuleikhúsið.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1978, höfum við nýlega fengið dæmi um stéttarlega afstöðu ríkisvaldsins til alþýðlegrar leiklistar. Þar er gert ráð fyrir 385 milljón króna fjárveitingum til leiklistarstarfsemi.

Þjóðleikhúsið fær þar af 359 milljónir, önnur leiklistarstarfsemi 26 milljónir. En Alþýðuleikhúsið fær ekki svo mikið sem krónu. Þó hefur Alþýðuleikhúsið farið tvær sýningarferðir kring um landið og í leikför til Norðurlanda. Hvarvetna fyrir fullu húsi og fengið góðar undirtektir. Kostnaðarhliðin á rekstri leikhússins er að sjálfsögðu mjög mikil og hvílir þungt á herðum aðstandenda þess. Að vísu hafa aðrir aðilar annað álit á alþýðuleiklist en íslensk stjórnvöld s.s. ýmis félagasamtök, og er það vel. T.d. hefur norræni menningarmálasjóðurinn styrkt Alþýðuleikhúsið fjárhagslega og eins hafa verkalýðsfélög hlaupið undir bagga.

Nú er um að gera að fleiri alþýðusinnaðir listamenn taki sér frumkvæði Alþýðuleikhússins til fyrirmyndar og blási lífi í glæður allrar alþýðlegrar menningar, hvort sem það er á sviði leiklistar, tónlistar eða bókmennta. Útgáfufyrirtækið Gagn og gaman er stórt spor í rétta átt, þar sem ungt listafólk tók sig saman um að gefa út hljómplötur með vandaðri tónlist og baráttusinnuðum textum.



Atriði úr Skollaleik, sem Alþýðuleikhúsið sýnir í Lindarbæ um þessar mundir.

Framhald á síðu 2



Lögreglulið Vorster-stjórnarinnar býst til árásar á blökkumenn í Soweto síðast liðið sumar.

Steve Biko
(myrtur blökkumaður)

Morðið á asaníska blökkumannaleiðtoganum Steve Biko hefur að vonum vakið almenna reiði víða um heim. Á undan honum hefur þó fjöldi annarra blökkumanna svo og indverja og kynblendinga verið myrtir í fangelsum Vorster stjórnarinnar, eða horfið sporlaust, þótt vesturlenskir fjölmiðlar hafi að mestu þagað yfir slíkum atburðum. Yfirlýsingar Vorsterstjórnarinnar um að flestir þeir sem látist hafa í S-Afrískum fangelsum hafi sjálfir fyrirfarið sér, hafa lengst af þótt nægilega góð skýring fyrir íbúa norðurálfu. En Steve Biko var of þekktur til að fjölmiðlar gætu þagað yfir morði hans. Hann var ekki aðeins þekktur meðal alþýðu lands síns, heldur einnig víða erlendis, og þá ekki síst meðal afríkanskra þjóðarleiðtoga. Morð á jafn virtum leiðtoga blökkumanna og Steve Biko var, samfara síauknum fasistaaðgerðum S-Afríska hersins og lögreglunnar sýna glögglega að uppgjöf og örvinglan er að grípa um sig hjá Vorsterklíkunni. Digurbarkalegar yfirlýsingar Vorsters um að, blökkumenn í S-Afríku séu háðari hvítum mönnum, en hvítir þeim svörtu, breyta þar engu um.

Morðið varð hins vegar óbeint til þess að málefni Asaníu voru tekin fyrir hjá Sameinuðu þjóðunum. Carter forseta tókst þó að koma í veg fyrir, að öryggisráðið samþykkti algert verslunarbann á S-Afríku, en í því máli beitti USA ásamt frökkum og bretum neitunarvaldi sínu. Til að halda andlitinu gagnvart þjóðum Afríku knúði Carter hins vegar stjórnir Bretlands og Frakklands til að gangast inn á 6 mánaða vopnasölubann á S-Afríku. Hvort bann þetta verður virt eða ekki mun síðar koma í ljós, en andstaða breta og þá ekki síst frakka við vopnasölubannið hefur sýnt hversu gífurlega mikilvæg vopnasalan er þessum ríkjum og ekki síst hve þær meta styrk Vorster klíkunnar lítinn. Þær vita sem er að án stöðugra vopnasendinga og pólitísks stuðnings myndi stjórnin í Pretoríu ekki geta haldið völdunum lengi.



Frá Lundi

Stéttabaráttunni hefur borist sú ánægjulega frétt, að um 60 manna hópur íslendinga í Lundi í Svíþjóð hafi stofnað starfshóp herstöðvaandstæðinga. Þetta verður vonandi fordæmi fyrir fleiri herstöðvaandstæðinga til að gera hið sama jafnvel þótt þeir séu staddir erlendis um tíma. Frumkvæði eins og sýnt hefur verið í Lundi er mjög mikilvægt og verður vonandi öðrum til eftirbreytni. Sameiginlegt átak virkra fjöldasamtaka mun eitt geta tryggt sigur í þessu máli.

ÍSLAND ÚR NATÓ-HERINN BURT.